

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

Starfsleyfisskilyrði fyrir verslunar-og þjónustumiðstöðvar

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir verslunar- og þjónustumiðstöðvar sem veita viðskiptavinum þjónustu í sameiginlegu húsnæði.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemi.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstrinum að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemi, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið.
- 2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Læst og loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.4 Gestir skulu hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Taka skal mið af umfangi starfsemi um fjölda snyrtinga.
- 2.5 Gólfplötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og 3,3 m² fyrir hreyfihamlaða og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu. Ruslafata með loki skal vera í hverju salernisrými.
- 2.6 Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum þannig að vatnshiti fari ekki yfir 43°C á töppunarstað.

3. Hreinlæti og þrif

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þrífín daglega eða oftár eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Alsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.4 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.
- 3.5 Ekki má hleypra hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið.

4. Matvæli og veitingaaðstaða

- 4.1 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við

framleiðslu og dreifingu matvæla.

5. Leiksvæði

- 5.1 Um leikherbergi gilda skilyrði fyrir leiksvæði með eða án gæslu barna í tengslum við atvinnustarfsemi eftir því sem við á.
- 5.2 Við hönnun og frágang á innréttingum, leiktækjum og öðrum búnaði sem einkum er ætlaður börnum skal sérstaklega huga að slysavörnum. Búnaður skal vera í samræmi við viðeigandi staðla.

6. Öryggi og slysavarnir

- 6.1 Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja slys og leita allra leiða til að gera húsnæðið og umhverfi þannig úr garði að það sé sem öruggast fyrir þá sem þar koma.
- 6.2 Leiðbeiningar og veggspjöld um notkun innkaupakerra með tilliti til öryggis barna skulu vera á áberandi stað.
- 6.3 Öll hættuleg efni eins og ræstiefni og aðrar efnavörur skulu geymd í læstri hirslu. Hættuleg eða oddhvöss áhöld og tæki skulu geymd þar sem börn ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- 6.4 Slys og óhöpp skal skrá á þar til gerð eyðublöð og vera aðgengileg heilbrigðiseftirliti.

7. Umhverfismál

- 7.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 7.2 Sorpílát skulu vera í lokuðum sorphirslum eða á öðrum þeim stað sem byggingarnefnd hefur samþykkt.
- 7.3 Frá sorpgámum skal þannig gengið að þeir hvorki leki né fokhætta stafi frá þeim. Þrifa skal reglulega í kringum sorpgáma.
- 7.4 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.
- 7.5 Nota skal umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 7.6 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, lög nr. 555/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1994, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur (ÍSAT):